

Langanesbyggð
Fjarðarvegi 3
680 Þórshöfn



Akureyri, 4. júní 2019
Tilvísun: 2019020040
MST/
Tilv. ykkar:

Efni: Ósk um framkvæmdaleyfi vegna endurbyggingar Norðausturvegar um Finna fjörð og Bakkafjörð

Vegagerðin óskar hér með eftir framkvæmdaleyfi til Langanesbyggðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

Vegagerðin óskar jafnframt eftir ákvörðun sveitarfélagsins um hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir endurbyggingu Norðausturvegar nr. 85, á 20,5 km löngum kafla um Finna fjörð og Bakkafjörð. Markmið framkvæmdarinnar er að binda vegkaflann með slitlagi, styrkja hann og síðast en ekki síst bæta umferðaröryggi vegarins og umhverfi hans. Framkvæmdin er fyrirhuguð til þriggja ára, með verklok haustið 2021. Framkvæmdinni má gróflega skipta í þrjá áfanga, sá fyrsti er kaflinn um Fell í Finnafirði og tveir síðari frá Hellulandi í Finnafirði að Skeggjastöðum í Bakkafirði en skilin á milli tveggja síðari áfanganna snúa að efnismálum sem greint er frekar frá hér á eftir.

Endurbyggður vegur verður 6,5 m breiður með 6,3 m slitlagi. Vegurinn verður endurbyggður í núverandi legu að frátöldum kaflanum um Krummanef, st. 4700-5200 í landi Fells og Sóleyjarvalla, þar sem veginum verður hliðrað um vegbreidd sína til þess að færa fjær bjargbrúninni sem sjórinn hefur sorfið úr. Framkvæmdin hefur verið kynnt þeim landeigendum sem hliðrun vegar varaðar ásamt fulltrúum landeigenda þeirra jarða þar sem minniháttar skurð- og girðingafærslu er þörf.

Vegagerðin leitaði umsagnar Hafrannsóknarstofnunar vegna framkvæmdarinnar og veitti stofnunin umsögn með bréfi dagsettu 16. maí 2019 þar sem fram kom að stofnunin teldi framkvæmdina einungis hafa takmörkuð, staðbundin skammtímaáhrif á lífríki. Vegagerðin óskaði eftir leyfi fyrir framkvæmdinni til Fiskistofu og er formlegrar afgreiðslu erindisins að vænta á næstu dögum.

Heildarefnisþörf við framkvæmdina er áætluð 180.000 m³ af jarðefni úr námum. Fyrir fyrsta áfanga framkvæmdarinnar, kaflann um Fell, er gert ráð fyrir að um 10.000 m³ til vinnslu í burðarlag og klæðingar verði sótt í Gunnólfsvíkurnámu og um 10.000 m³ í styrktarlag verði sótt í námu Fell sunnan túna. Fyrir seinni tvo áfanga framkvæmdarinnar, frá Hellulandi að Skeggjastöðum, er gert ráð fyrir að um 90.000 m³ í styrktarlag og vinnslu burðarlags verði sótt í námu Miðfjörð I, um 35.000 m³ í fláafleyga og fyllingar verði sótt í námu Miðfjörð II, um 20.000 m³ í námu Saurbæjarháls og 15.000 m³ í námu austan Hölknár. Auk efnistöku úr námum er gert ráð fyrir að um 30.000 m³ til fyllinga og fláafleyga fái úr skeringum umhverfis veg.

Framkvæmdin og fyrirhugaðar námur eru í samræmi við aðalskipulag Langanesbyggðar sem nú bíður staðfestingar og gildistöku. Vegna rýrari burðar núverandi vegar en í upphafi var gert ráð fyrir og frekari jarðtæknirannsókna í námum sem leiddu í ljós takmarkað notagildi efnis úr ákveðnum námum er nú fyrirhugað að taka samtals 25.000 m³ minna efnismagn úr námu Saurbæjarháls og námu austan Hölknár en 75.000 m³ meira efnis úr námu Miðfirði I og II en núverandi breyting á aðalskipulagi gerir ráð fyrir. Til þess að uppfylla heildarefnisþörf til verksins er því þörf á minniháttar skipulagsbreytingu með magnaukningu úr námu Miðfirði I og II.

Fyrsti áfangi framkvæmdarinnar gerir eingöngu ráð fyrir efnistöku úr námu Gunnólfsvík og Fells, sunnan túna, en þær námur eru nú þegar á skipulagi sveitarfélagsins. Áfangi tvö nær til efnistöku úr námu í Saurbæjarhálsi, námu austan Hölknár, Miðfirði I og Miðfirði II að því marki sem efnismagn í skipulagsbreytingu sem nú bíður staðfestingar og gildistöku nær til. Áfangi þrjú nær til efnistöku úr námu Miðfirði I og II sem nemur því umframmagni sem þarf til þess að uppfylla heildarefnisþörf til framkvæmdarinnar að undangengnu breytingarferli á skipulagi. Strax í kjölfar staðfestingar og gildistöku skipulagsbreytingar sem nú er í ferli verður sótt um minniháttar breytingu á aðalskipulagi með stækkun á efnistökusvæðum m.v. ofangreindar forsendur ásamt því að kanna matskyldu efnistökkunnar.

Sótt er um framkvæmdarleyfi m.v. áætlaða heildarefnistöku og háð fyrirvara um að niðurstaða minniháttar skipulagsbreytingar verði jákvæð.

Formlegar samningaviðræður eru hafnar við eigendur námu við Fell sunnan túna, Gunnólfsvík, Miðfjörð I og Miðfjörð II. Samningaviðræður miðast við heildarefnistöku til framkvæmdarinnar, háð sömu fyrirvörum um samþykki minniháttar skipulagsbreytingar og framkvæmdarleyfið er háð. Samningaviðræður við eigendur námu við Saurbæjarháls og námu austan Hölknár eru í undirbúningi og munu hefjast formlega á næstu dögum.

Gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist í lok júní 2019 með áætluð verklok haustið 2021.

Meðfylgjandi eru teikningar af fyrirhugaðri framkvæmd.

Virðingarfyllt,



Margrét Silja Þorkelsdóttir